

Skýrsla Rótarýsjóðsnefndar Íslenzka Rótarýumdæmisins nr. 1360 starfsárið 2012 til 2013

Selfossi 6. október 2013

Nefndina skipuðu:

Ólafur Helgi Kjartansson, Rótarýklúbbi Selfoss, formaður
Birna G. Bjarnadóttir, Rótarýklúbbum Borgir, Kópavogi
Eiríkur Örn Arnarson, Rótarýklúbbi Reykjavíkur
Ragnar Jóhann Jónsson, Rótarýklúbbi Akureyrar
Gunnar Þórðarson, Rótarýklúbbi Ísafjarðar
Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, Rótarýklúbbi Görðum

Birna er formaður fjáröflunar- og fastasjóðnefndar, Ragnar situr í þeim einnig, Eiríkur Örn námsstyrkja- og friðarstyrksnefndar, Gunnar Polio Plus nefndar og Gyða GSE- starfshópaskiptanefndar.

Rótarýárið 2012-2013 safnaðist eftirfarandi:

Permanent Fund (varanlegur, aðeins vextir notaðir)	550,00	
Annual giving (Árlegi sjóðurinn til allra verkefna)	26,865,04	50% í DDF
Restricted giving (t.d. Polio Plus)	7.606,00	
Alls USD – bandaríkjadollarar:	<u>alls: 35.021,04</u>	

Á starfsárinu gáfu allir 30 Rótarýklúbbar umdæmis 1360 til Rótarýsjóðsins. Er það umdæmisstjóra Kristjáni Haraldssyni að þakka. Framlög 11 klúbba námu meira en 1000 dollurum. Það voru nokkur vonbrigði að fá ekki eilítið hærra framlög frá öllum rótarýklúbbum, þó skilningur sé á því að einstakir klúbbar séu mis vel í stakk búnir til leggja fé af mörkum.

Mest gáfu Rkl. Borgir **5.684**, Rkl. Reykjavík Breiðholt **5.131**, Rkl. Keflavíkur **4.143** og Rkl. Hafnarfjarðar **4.088** alls **19.046** eða **54,4%** heildar, að mestu í Árlega sjóðinn.

Framlög til **Annual Programs Fund** jukust nærri sjöfalt í **23.500 USD**. Auka þarf áhuga og skilning rótarýfélaga á mikilvægu hlutverki Rotary Foundation og Polio Plus verkefninu, ásamt friðarstyrkjum, sem nánast undantekningarlaust hafa fallið umsækjanda úr umdæmi 1360 í skaut frá byrjun.

Unnt er að ráðstafa söfnunarfé frá Íslandi til verkefna sem við veljum. Rótarýsjóðurinn er með þeim öflugustu í heiminum og er stolt okkar. Auka þarf vilja og getu til að safna fé til Rotary Foundation. Lítil gjöf hvers rótarýfélaga verður kraftaverk úti í heimi. Vilji er allt sem þarf. Létt er að safna fé í þágu góðra málefna Rótarýs, leggi allir **eitthvað** af mörkum.

Heildarframlag frá umdæmi 1360 til Rotary Foundation nemur USD 1.025.387.

Nú lætur undirritaður af formennsku í Rótarýsjóðsnefnd umdæmisins eftir 6 ár, þakkar Kristjáni Haraldssyni umdæmisstjóra og forverum hans gott samstarf og Margréti skrifstofustjóra ásamt Þórdísi forvera hennar, síðast en ekki sízt nefndarmönnum þessi ár og öllum rótarýfélögum sömuleiðis. **Sett markmið um framlög eru lyklatríði og þeim þarf að fylgja vel.**

Ólafur Helgi Kjartansson